

Mál nr. 2

Knattspyrnudeild Umf. Aftureldingar, Mosfellsbæ

gegn

Knattspyrnudeild Golfklúbbs Grindavíkur (GG), Grindavík

Kæra Umf. Aftureldingar:

Knattspyrnudeild Umf. Aftureldingar vill hér með leggja fram kæru vegna leiks GG og Aftureldingar í 4. deild karla A-riðils, föstudaginn 17. maí 1996 kl. 20:00 á Grindavíkurvelli, vegna framkvæmdar leiksins af hálfu heimaliðs.

Kæra er samkæmt eftirfarandi greinum:

grein 3.5. ákvæði 3.a) um línuverði, í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

grein 3.9.1.1. ákvæði 5) um grasvelli, í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

grein 2. í reglugerð KSÍ um Knattspyrnudómara.

Kæruheimild er byggð á 3. gr, 1.F) dóms og refsíákvæða ÍSÍ.

Leikurinn fór fram á malarvelli án þess að gestaliði hafi verið tilkynnt sú tilhögun fyrr en tæpri klukkustund fyrir leik. Þetta leiddi af sér að hluti leikmanna gestaliðs voru ekki með hentugan skóbúnað. Þjálfari gestaliðs fór fram á við forráðamenn heimaliðs að leiknum yrði frestað af þessum sökum og var því hafnað.

Er líða tók á leikinn fór þjálfari gestaliðs að efast um réttindi og hæfni línuvarðanna (aðstoðadómara) og gerðist það nokkrum sinnum að aðaldómari leiksins tók ekki mark á línuverði. Þjálfari gesta liðs kvartaði við eftirlitsdómara í leikhléi og var gefið í skyn að línuverðirnir væru ekki með tilskilin dómara réttindi, en eftirlitsdómarinn lét leikinn halda áfram. Við nánari eftirgrennslan hjá KSÍ hefur komið í ljós að hvorugur línuvarðanna (aðstoðardómaranna) var með réttindi til að starfa við leik í 4. deild karla.

Krafa:

1. Knattspyrnudeild Aftureldingar fer fram á að ofangreindur leikur verði dæmdur GG tapður.
2. Knattspyrnudeild Aftureldingar fer fram á að forsvarsmenn GG verði áminntir vegna framkvæmdar leiksins.

Viðringarfullst, f.h. Knattspyrnudeildar Aftureldingar

Valdimar L. Friðriksson framkvstj. UMFA

Úrskurður Knattspyrnudómstóls Reykjaness:

Álit dómsins:

Dómurinn telur að hér sé um ástandsbrot og vísar því í 4.2.1.gr í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót en þar segir: “Öll mótmæli varðandi undirbúning kappleiks, keppnisvöll, línuverði, boltastærð eða annað viðvíkjandi framkvæmd leiksins skulu borinn fram við dómarann fyrir leikinn af farastjóra eða fyrirliða ella hafa leikaðilar fyrirgert rétti sínum til að kæra ástandsbrot.”

Mótmælum um keppnisvöll eða línuverði var ekki komið á framfæri við dómara fyrir leik.

Dómsorð:

Leikur Golfklúbbs Grindavíkur knattspyrnudeild og Aftureldingar, knattspyrnudeild í 4. deild karla á Íslandsmótinu í knattspyrnu sem fram fór á Grindavíkuvelli 17.05 1996 dæmdist þannig að úrslit leiksins skulu standa óbreytt.

Fleira ekki gert og dómþingi slitið.

Gunnlaugur Magnússon (sign)

Kári Gunnlaugsson (sign)

Gunnar Vilbergsson (sign)

Aðilum er bent á grein 4.2.2. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, þar sem segir: ”Ef dómi er áfrýjað, skal áfrýjun berast skrifstofu KSÍ áður en 7 dagar eru liðnir frá birtingu dómsins.”